

Fimmtudaginn 24. febrúar 1994.

Nr. 3/1992.

Gísli Vilhjálmsson

(Jón Magnússon hrl.)

gegn

Verzlunarmannafélagi Suðurnesja

(Guðni Haraldsson hrl.)

Verkfall. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1992. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 79.794 krónur með dráttarvöxtum eins og hér greinir: 45,6% frá 22. apríl 1988 til 1. maí s.á., 44,4% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. september s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. október s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. desember s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. febrúar 1990, 37,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., 30% frá þeim degi til þingfestingardags málsins, 21. mars s.á., en „með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum, frá þeim degi til greiðsludags“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfufjárhæð áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar.

I.

Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða hf., hugðist sinna farþegaafgreiðslu í brottfararsal Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Keflavík-urflugvelli 28. apríl 1988, en var hindraður í því starfi af verkfallsvörðum. Kærði hann þetta samdægurs til rannsóknarlögreglunnar á

Keflavíkurlugvelli, sem tók skýrslur af honum og nokkrum verkfallsvarða.

Í skýrslu sinni kveðst Sigurður hafa mætt í flugstöðinni umræddan dag til starfa við innritunarborð Flugleiða hf. til þess að skrá farþega í flug FÍ 615 til New York, en áfrýjandi átti bókað far með þeirri flugvél fyrir sig, eiginkonu sína og tveggja ára barn þeirra. Verkfallsverðir á vegum stefnda hafi staðið í vegi fyrir farþegum og hindrað þá í því að komast að afgreiðsluborði til að taka við brottfararspjöldum sínum. Einnig hafi verkfallsverðir hindrað sig í að fylgja farþegum gegnum hlið Útlendingaeftirlitsins. Vegna þessara hindrana hafi hann ekki getað afgreitt farþega í umrædda flugvél.

Fjórir félagsmenn stefnda staðfestu við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni, að þessi frásögn Sigurðar Helgasonar væri efnislega rétt.

II.

Það braut ekki í bága við ákvæði í lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur eða aðrar réttarreglur, að forstjóri Flugleiða hf. innti af hendi framangreind störf í stað undirmanna sinna í verkfalli félagsmanna stefnda. Ágreiningslaust er, að áfrýjandi hafði keypt farseðla og átti bókað far með flugvél Flugleiða hf. til New York umræddan dag, og enn fremur, að enginn farþegi, sem ekki hafði fengið undanþágu hjá stefnda, komst með þeirri flugvél. Eigi er sýnt fram á, að atbeina félagsmanna stefnda hafi þurft við, til að áfrýjandi, kona hans og barn kæmust með farangur sinn um borð í flugvélina og fengju nauðsynlega fyrirgreiðslu þar. Samkvæmt þessu voru aðgerðir verkfallsvarða ekki þáttur í því að koma í veg fyrir verkfallsbrot, sbr. 18. gr. laga nr. 80/1938. Telja verður, að nægilega sé í ljós leitt, að verkfallsverðir myndu hafa hindrað brottför áfrýjanda með valdi, hefði hann látið á það reyna. Skiptir því ekki máli, að hann lét það ógert. Stefndi hefur ekki fært sönnur að þeirri málsástæðu, að verkfallsverðir í flugstöðinni umrætt sinn hafi ekki verið á hans vegum. Á það jafnt við um þá verkfallsverði, sem voru félagsmenn stefnda, og verkfallsverði úr öðrum stéttarfélögum, sem stefndi heldur fram, að einnig hefðu getað átt hlut að máli.

Með skírskotun til þessa verður fallist á það með áfrýjanda, að

aðgerðir verkfallsvarða hafi verið ólögmetar gagnvart honum, og ber stefndi að lögum fébótaábyrgð á tjóni hans af völdum þeirra.

III.

Áfrýjandi kveðst hafa pantað flugfarseðla hjá Flugleiðum hf. í umrædda ferð með hálfis árs fyrirvara. Tilgangur ferðarinnar hafi verið að sækja þing tannréttingasérfræðinga í New Orleans, sem átti að hefjast 30. apríl, en áfrýjandi er tannlæknir og sérfræðingur í tannréttingum. Kveðst hann hafa verið búinn að gefa starfsfólki sínu leyfi frá störfum og afboða alla sjúklinga vegna ferðarinnar. Þegar sýnt var, að áfrýjandi komst ekki til Bandaríkjanna með flugvél Flugleiða hf., fór hann ásamt konu og barni með flugvél frá Arnarflugi hf. til Amsterdam, en þaðan með flugvél frá öðru flugfélagi til Bandaríkjanna.

Bótakrafa áfrýjanda nam upphaflega 95.897 krónum, sem hann kveður hafa verið kostnaðarauka þessu samfara. Lagði hann fram í málinu því til sönnunar reikning frá Ferðaskrifstofu Íslands hf., að fjárhæð 181.453 krónur, ásamt kvittun frá sama aðila, að fjárhæð 14.480 krónur, samtals 195.933 krónur. Frá þeirri fjárhæð dró hann andvirði flugfarseðlanna, sem hann hafði keypt hjá Flugleiðum hf., 100.036 krónur, og félagið endurgreiddi honum.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að áfrýjandi hafi orðið fyrir fjártjóni. Verði ekki á það fallist, er kröfufjárhæðinni mótmælt sem allt of hárrí.

Á framangreindum reikningi nemur andvirði þriggja farseðla alls 165.350 krónum, en auk þess er á reikningnum liðurinn „bílaleigubíll í Orlando“ 16.103 krónur. Við munnlegan málfutning fyrir Hæstarétti lækkaði áfrýjandi bótakröfu sína um þá fjárhæð.

Áfrýjandi hefur ekki gert viðhlítandi grein fyrir fjárhæð áður nefndrar kvittunar, og verður kröfufjárhæðin því lækkuð, sem henni nemur. Að öðru leyti þykir fjárhæð bótakröfu hans nægilega rökstudd, og verður tekin til greina.

Samkvæmt því verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 65.314 krónur með dráttarvöxtum eins og krafist er og í dómsorði greinir, þó svo að dráttarvextir reiknast frá 1. maí 1988.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 150.000 krónur í málskostnað í

héraði og fyrir Hæstarétti. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnda var lagður fram í héraði sem sérstakt dómskjal bæklingur með heitinu Samningar Verslunarmannafélags Suðurnesja. Hann inniheldur m. a. fjölda laga og opinberra reglna, sem tengjast á engan hátt sakarefni málsins, svo sem samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík. Eigi verður séð, að þörf hafi verið á framlagningu þessa bæklinga sem dómskjals, og var því ástæðulaust að taka hann inn í ágríp dómsgerða, en þar spannar hann 60 blaðsíður. Málatilbúnaður af þessu tagi er aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Verslunarmannafélag Suðurnesja, greiði áfrýjanda, Gísla Vilhjálmsyni, 65.314 krónur með dráttarvöxtum eins og hér greinir: 44,4% frá 1. maí 1988 til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. maí s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. júní s.á., 42% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 45,6% frá þeim degi til 1. september s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. október s.á., 38,4% frá þeim degi til 1. desember s.á., 40,8% frá þeim degi til 1. febrúar 1990, 37,2% frá þeim degi til 1. mars s.á., 30% frá þeim degi til 21. s.m., en með dráttarvöxum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 12. nóvember 1991.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. október, er höfðað með stefnu, þingfestri 21. mars 1990.

Stefnandi er Gísli Vilhjálmsson, kt. 130554-5129, Laugavegi 163, Reykjavík. Stefndi er Verslunarmannafélag Suðurnesja, kt. 690269-0669, Hafnar-

götu 28, Keflavík. Dómkröfur stefnanda eru að stefnda verði gert að greiða sér kr. 95.897,00 ásamt dráttarvöxtum, svo sem greinir í stefnu, auk málskostnaðar [...].

Stefndi krafðist í greinargerð sinni frávísunar málsins en hefur undir rekstri þess fallið frá þeirri kröfu. Krefst stefndi nú aðallega sýknu af kröfum stefnanda en til vara að stefnukröfur verði lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar [...].

Málavexti kveður stefnandi vera þá að þann 28. apríl 1988 hafi hann átt pantað flugfar með Flugleiðum hf. til Chicago ásamt eiginkonu sinni og ungbarni, sem þegar hafði verið greitt fyrir. Hafi för sinni verið heitið þangað á þing tanréttingasérfræðinga. Að morgni nefnds dags kveðst stefnandi hafa ekið frá heimili sínu í Reykjavík og til heimilis foreldra sinna í Keflavík. Þar hafi hann skilið konu sína og barn eftir en sjálfur haldið til flugstöðvar Leifs Eiríkssonar til að kanna hvort unnt yrði að komast með flugi vegna verkfallsáðgerða stefnda er þá stóðu yfir. Segir stefnandi að er hann kom til flugstöðvar og hugðist skrá sig til brottfarar, hafi orðið fyrir sér tugir verkfallsvarða, er meinuðu sér för að afgreiðsluborði.

Vegna nauðsynjar sinnar á að komast á umrætt þing kveðst stefnandi nú hafa leitað annarra leiða til að komast úr landi og á leiðarenda. Hafi sér tekist það með því að kaupa miða fyrir sig og fjölskyldu sína hjá Ferðaskrifstofu ríkisins með Arnarflugi til Amsterdam og síðan þar áfram með flugfélaginu KLM til Bandaríkjanna. Þessi ferðamáti hafi reynst dýrari en áætluð ferð með Flugleiðum hf., sem stefnandi gat ekki nýtt sér, og nemi krafa sín mismun á því, sem Flugleiðir endurgreiddu sér, og verði miðanna, sem hann keypti hjá Ferðaskrifstofu ríkisins.

Stefndi kveður málavexti hafa verið með þeim hætti, að 25. apríl 1988 hafi komið til framkvæmda almennt verkfall verslunarmanna hér á landi. Verkfall stefnda hafi hins vegar hafist 27. s.m. Meðan á verkfalli stóð hafi starfað sérstök undanþágunefnd sem veitt hafi fjölmargar undanþágur en engin beiðni frá stefnanda um slíka undanþágu hafi borist stefnda. Ekki var lögð fram nein kæra á hendur stefnda né félagsmanna þess af hálfu stefnanda, og ekki var farið fram á neina lögreglurannsókn af hans hálfu. Á meðan á verkfallinu stóð, hafi Flugleiðir hf. reynt að halda uppi starfsemi sinni í flugstöð með aðstoð félagsmanna stefnda svo og yfirmönnum fyrirtækisins. Hafi félagsmenn stefnda reynt að hindra að aðrir gengju inn í störf þeirra og að einstakir félagsmenn sniðgengju verkfallið.

Stefndi hefur gert þá athugasemd við málavaxtalýsingu stefnanda að stefnandi hafi aldrei verið hindraður í að komast í nefnda flugferð. Enginn „verkfallsvörður“ kannist við að hafa séð stefnanda í flugstöðinni og engin

gögn styðji þá staðhæfingu hans. Hann hafi m.a. aldrei gefið sig fram eða látið vita af meintri hindrun á nokkurn hátt, fyrr en til málsóknar kom. Í þessu sambandi vekur stefndi sérstaka athygli á því að samkvæmt fram-
burði stefnanda hafi hann komið einsamall en kona hans og barn urðu eftir hjá foreldrum stefnanda.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða stefnda, sem hafi verið með öllu ólögmætar. Stefndi hafi þannig með ólögmætum hætti brotið gegn persónu-, athafna- og ferðafrelsi sínu.

Stefnandi telur verkfallsverði hafa stöðvað flugfarþega heimildarlaust í að fá afgreiðslu. Forstjóri hafi verið að sinna afgreiðslustörfum í flugstöð og það hafi honum verið heimilt skv. íslenskum vinnurétti, þ.á m. staðfestri dómvenju. Lögregluskýrslur og önnur gögn staðfesti að allir farþegar voru hindraðir í að komast með nefndu flugi og ekki sé hægt að ætlast til að stefnandi legði til atlögu við verkfallsverði, eins og á stóð. Þá hafi stefnandi enga ástæðu haft til að ætla að hann hefði fengið undanþágu hjá undanþágunefndinni.

Stefnandi vísar til almennra reglna skaðabóta- og kröfuréttar til stuðnings bótakröfu sinni. Hér sé kafið um beinan útlagðan kostnað vegna ólög-
mætra athafna stefnda sem hann verði að bera ábyrgð á. Varðandi réttmæti bótakröfu vísar stefnandi til dóms hæstaréttar í málinu nr. 287/1989. Þá hefur stefnandi mótmælt öllum hugleiðingum stefnda um nauðsyn kröfuframsals frá eiginkonu sinni.

Um vaxtakröfur sínar vísar stefnandi til l. nr. 25/1978, um málskostnaðarkröfu til l. nr. 85/1936 og krafan um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun byggist á l. nr. 50/1988.

Stefndi krefst í fyrsta lagi sýknu á grundvelli aðildarskorts. Hann hafi ekki staðið að neinni verkfallsvörslu í Leifsstöð. Þvert á móti hafi einstakir félagsmenn að eigin frumkvæði og á eigin ábyrgð ákveðið að fylgjast með, hvort verkfallsbrot væru framin í flugstöðinni. Engin ákvörðun hafi verið tekin hjá félaginu eða stjórn þess um neina verkfallsvörslu. Þá beri stefndi enga sjálfstæða ábyrgð á félagsmönnum sínum á grundvelli reglna um hús-
bóndaábyrgð. Af þessum sökum sé málinu ekki beint að réttum aðila og beri því að sýkna stefnda skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Verði ekki fallist á fyrrgreinda málsástæðu, krefst stefndi sýknu á grundvelli þess að ekki hafi verið um ólögmætar aðgerðir af sinni hálfu að ræða. Verkfall hafi verið löglega boðað á félagssvæði stefnda og aðgerðirnar nauðsynlegar til að halda verkfallinu uppi. Því hafi aðgerðirnar verið lög-
mætar í skilningi laga nr. 80/1938.

Stefndi telur að framið hafi verið verkfallsbrot af hálfu Flugleiða hf. í

Leifsstöð. Störf við flugfrakt o.fl. falli innan starfssviðs félagsmanna stefnda og ekki séð að yfirmenn hafi gengið í þessi störf, heldur hafi félagsmenn stefnda einnig unnið í Leifsstöð meðan á verkfallinu stóð. Þetta sé ólöglegt skv. 18. gr. l. nr. 80/1938 og aðgerðirnar hafi beinst gegn þessum verkfallsbrotum.

Stefndi vísar á bug, að fordæmi þau, er stefnandi hefur vísað til máli sínu til stuðnings, eigi við í þessu máli. Í tilvitnuðum málum hafi verið um að ræða að ófélagsbundnir menn hafi gengið í störf félagsbundinna undirmanna en hér sé annað upp á teningnum.

Stefndi mótmælir því að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru tjóni af sínum völdum í skilningi reglna skaðabótaréttarins. Ákvörðun stefnanda um að kaupa aðra miða hafi verið á hans eigin ábyrgð. Hér sé ekki um að ræða hagsmuni sem njóti verndar skaðabótareglanna og ekki sé hér heldur fylgt reglum um takmörkun tjónþola á tjóni sínu.

Þá mótmælir stefndi kröfugerð stefnanda að öðru leyti sem órökstuddri og rangri. Ekkert hafi verið lagt fram um þörf stefnanda til að komast úr landi og þar með kaup hans á dýrari farmiðum. Þá krefjist stefnandi einnig bóta vegna ferðar eiginkonu sinnar og barns sem séu máli þessu óviðkomandi, og m.a. liggja ekki fyrir neitt kröfuframsals frá eiginkonu stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi til l. nr. 80/1938, l. nr. 25/1987, l. nr. 50/1988, l. nr. 85/1936 og 45. gr. l. nr. 75/1973.

IV.

Ágreiningur er með aðilum um hvort stefnanda hafi verið meinuð för með flugi Flugleiða umræddan dag. Ágreiningslaust er að undanþágur voru veittar af verkfallsnefnd Verslunarmannafélags Suðurnesja vegna utanlandsferða, m.a. 28. apríl 1988.

Fram kemur í framburði stefnanda hér fyrir dóminum að hann hafi ekki fengið neina formlega synjun á afgreiðslu í flugstöðinni umræddan dag heldur hafi hann séð að aðgangur að „svæðinu“ hafi ekki verið hindrunarlaus.

Dómurinn lítur svo á að ósannað sé að stefnandi hafi gert raunhæfa tilraun til að komast með fluginu og af því leiðir að ósannað er að stefndi hafi hindrað hann. Þetta ásamt því, að stefnandi leitaði ekki eftir undanþágu til verkalýðsfélagsins fyrir sig og fjölskyldu sína, leiðir til þess, að ekki kemur til álita hvort verkfallsvarsla stefnda hafi verið lögmæt eða ekki, heldur verður stefndi þegar af þessari ástæðu sýknaður af kröfum stefnanda.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 70.000,00 að

viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, og beri hann dráttarvexti samkvæmt 3. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Verslunarmannafélag Suðurnesja, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 70.000,00 í málskostnað að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt 3. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri aðför að lögum.
